

# Salóme Iokar Nasdaq í New York

## Salóme Iokar Nasdaq í New York



Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innovit, mun hringja bjöllumni við lokun í dag. [mbl.is/](http://mbl.is/)  
Sigurgeir Sigurðsson

Fulltrúar nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Klak Innovit eru staddir í New York um þessar mundir, þar sem unnið er að því að kynna norræna „sprotasamfélagið“ fyrir austurströnd Bandaríkjanna. Norræna sendinefndin samanstendur af frumkvöðlasetrum Norðurlanda og tveimur sprotafyrirtækjum frá hverju landi, en fulltrúar Íslands eru fyrirtækin TagPlay og Breakroom.

Hópurinn mun [loka Nasdaq-markaðnum](#) með bjölluhringingu kl. 16 að staðartíma, en [hér](#) er hægt að fylgjast með beinni útsendingu sem hefst kl. 19.45 að íslenskum tíma. Það verður Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innovit, sem hringir bjöllumni.

„Þessi ferð með samstarfsaðilum okkar á Norðurlöndunum er einstakt tækifæri fyrir norræna og ekki síst íslenska sprotuumhverfið að kynna sig fyrir áhugasömum bandarískum fjárfestum og fjölmiðlum,“ segir Salóme. „Undanfarin ár sanna að það skiptir ekki máli hvort þú stofnar fyrirtækið þitt á litlum heimamarkaði eða stórum, góðar hugmyndir geta náð athygli erlendra fjárfesta. Íslensk frumkvöðlafyrirtæki hafa í ríkara mæli en áður sótt fjármagn erlendis til vaxtar og er samstarf okkar við norræna og bandaríska sprotasamfélagið því mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Með því að kynna okkur og styrkja alþjóðlegar tengingar og samstarf, liðkum við enn frekar fyrir samskiptum og tækifærum fyrir íslenska

sprotu á erlendri grundu,“ er haft eftir Salóme í tilkynningu frá Nasdaq Nordic.

Tíst er um viðburðinn undir merkinu #NordicMade.

[Hér](#) má skoða myndir frá ferðinni.

- 106